

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1163  
komudagur 9.3.2010

Á stjórnarfundum Smábátafélagsins Skalla sem haldinn var á Sauðárkróki 07.mars.2010 var samþykkt eftirfarandi ályktun .

**Aðalfundur Skalla fagnar framkomnu frumvarpi um strandveiðar og telur þær til hagsbóta fyrir félagsmenn og aðra hagsmunaaðila á sínu svæði, sem er frá Hvammstanga til Siglufjarðar.**

**Stjórnin hvetur sveitarstjórnir á þessu svæði til að beita sér fyrir því að strandveiðar verði festar í sessi með þessum lögum sem verður viðbót við þann sjávarútveg sem fyrir er.**

Stjórnin bendir á skýrslu sem unnin var af Háskólasetrinu á Ísafirði en í henni segir að lokum .

**Augljós niðurstaða úttektarinnar er sú að almenn ánægja var meðal þáttakenda og hagsmunaaðila með veiðarnar og trú á því að þær gætu orðið hinum dreifðu byggðum til góðs í framtíðinni.**

Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir aðila að það frumvarp sem sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram verði að lögum sem fyrst þannig að hagsmunaaðilar geti undirbúið sig til að mæta þessari viðbót við þann sjávarútveg sem fyrir er.

Stjórnin hvetur því sveitarstjórnir á svæðinu til að álykta með samþykkt þessa frumvarps.

f.h. Smábátafélagsins Skalla

-----  
Sverrir Sveinsson formaður 892 5414  
Hlíðarveg 17 467 1414  
580 Fjallabyggð